

# Vasafuglabókin



Þetta viðfangsefni er skemmtilegt að taka með sér í páskafríð. Um páskana er náttúran að vakna til lífsins og algengt er að fjölskyldan fari í gönguferðir og noti helgidagana til útivistar. Þá getur verið gaman að hafa eitt hvað sérstakt fyrir stafni eins og að skoða fuglana. Litla fuglabókin er hugsuð sem vasabók, þ.e. nokkur blöð eru heftuð saman og miðað er við að hún fari vel í vasa. Ef barnið er líka með blýantsstubb í vasanum getur það skráð það sem fyrir augu ber.

Áður en hafist er handa er rætt við börnin um hvar fugla sé helst að finna, hvað sé líkt með fuglum, hvað greini þá að o.s.frv. Hvernig er goggurinn á litinn? En fæturnir og stélið? Er goggurinn langur eða stuttur, breiður eða mjór? Og hvernig er stélið. Ekki er nauðsynlegt að skrifa mörg orð. Oft getur verið nóg að skrifa eitt orð til að muna það sem maður sá.

Vekja má athygli barnanna á að fuglar sem sjást um páskana eru yfirleitt staðfuglar, eftir það koma farfuglarnir hver af öðrum frá útlöndum. Þá geta þau áhugasömu skoðað fuglabækur og aflað sér meiri vitneskju þar.

Ljóst er að ekki hafa allir krakkar áhuga á þessu verkefni en reynslan hefur sýnt að margir hafa gaman af því um tíma og oft hafa foreldrar tekið þátt í því með börnum sínum. Uppskeran er fólgin í því að þekkja heiti fuglanna og geta lýst útliti þeirra.


## Vasafuglabókin

Nafn: \_\_\_\_\_

Bekkur: \_\_\_\_\_

Skóli: \_\_\_\_\_

Dagsetning: \_\_\_\_\_



### Íslenskir fuglar – líkamshlutar á fugli

Goggur: \_\_\_\_\_

Fætur: \_\_\_\_\_

Stél: \_\_\_\_\_

### Hvað heitir fuglinn?

Íslenskt heiti: \_\_\_\_\_

Latneskt heiti: \_\_\_\_\_

Fundarstaður: \_\_\_\_\_

Dagsetning: \_\_\_\_\_

### Íslenskir fuglar – líkamshlutar á fugli

Goggur: \_\_\_\_\_

Fætur: \_\_\_\_\_

Stél: \_\_\_\_\_

### Hvað heitir fuglinn?

Íslenskt heiti: \_\_\_\_\_

Latneskt heiti: \_\_\_\_\_

Fundarstaður: \_\_\_\_\_

Dagsetning: \_\_\_\_\_